



Aðalfundur Ungmennafélagsins ÁS haldinn á Kirkjubæjarstofu föstudaginn 7. mars 2025 kl. 18

Mættir voru 26 fundarmenn

Dagskrá aðalfundar

1. Fundarsetning

Fanney Ólöf Lárusdóttir formaður Ungmennafélagsins ÁS bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn kl. 18:03. Fundarmönnum var boðið upp á súpu og brauð frá Systrakaffi í upphafi fundar.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Fanney Ólöf Lárusdóttir gerði tillögu að sjálfri sér sem fundarstjóra og var það samþykkt samhljóða. Formaður gerði tillögu að Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson verði fundarritari og var það samþykkt samhljóða.

3. Fundargerð síðasta aðalfundar lesin og borin upp til samþykktar

Sigurður Eyjólfur las upp fundargerð síðasta aðalfundar. Fundargerðin borin upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

4. Formaður flytur skýrslu stjórnar

Fanney Ólöf Lárusdóttir formaður Ungmennafélagsins ÁS flutti starfsskýrslu félagsins og er hún svo hljóðandi:

Starfsskýrsla Ungmennafélagsins ÁS 2024-2025

Aðalfundur Ungmennafélagsins Ármanns og stofnfundur Ungmennafélagsins ÁS var haldinn 8. mars 2024.

Á aðalfundi var, auk hefðbundinna aðalfundarstarfa, rætt um starfið framundan. Veittar voru tvær viðurkenningar: Hvatningarverðlaunin hlaut Ólöf Ósk Bjarnadóttir og framfaraverðlaunin hlaut Ásgeir Örn Sverrisson. Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson kynnti á fundinum vinnu til að félagið kæmist í hóp fyrirmyndarfélaga ÍSÍ.

Aðalfundurinn var mikill tímamóta fundur því lögð voru fram ný lög til samþykktar og samþykkt að sameina Ungmennafélagið Ármann og Skafta í eitt félag, Ungmennafélagið ÁS.

Stjórn Ungmennafélagsins ÁS 2024-2025 var kosin á aðalfundinum:

Fanney Ólöf Lárusdóttir, formaður

Kristín Lárusdóttir, gjaldkeri

Sæunn Káradóttir, ritari

Gunnar Erlendsson, meðstjórnandi

Bryndís Karen Pálsdóttir, meðstjórnandi



Bjarni Dagur Bjarnason og Konný Sif Gottsveinsdóttir, varastjórnarmenn
Skoðunarmenn félagsins voru kosnir Sigmar Helgason og Sverrir Gíslason. Sigurður Sverrisson til vara.

Foreldranefnd var kosin: Sólveig Ólafsdóttir formaður, Bjarni Bjarnason og Gunnar Erlendsson
Íþróttanefnd var kosin: Guðmundur Ingi Arnarsson formaður, Bryndís Karen Pálsdóttir og Davíð Andri Agnarsson.

Aðrir fundir og störf stjórnar

Alls voru haldnir 4 stjórnarfundir á starfsárinu. Auk töluverðra samskipta í lokuðum Facebook hóp stjórnarmanna, varastjórnarmanna og íþróttafulltrúa.

Íþrotta- og æskulýðsfulltrúi UMFÁS hefur heldur betur sannað mikilvægi sitt fyrir UMFÁS og allt samfélagið. Það er boðið upp á íþróttir fyrir ALLA sem er mjög öflugt, þ.e. frá aldrinum 2 ára og alveg uppúr. Formaður og íþróttafulltrúi vinna mikið saman og í samráði.

- Fulltrúar UMFÁS mættu á Ársþing USVS sem haldið var í gestastofu Vatnajökulspjóðgarðs. Tveir félagsmenn okkar voru tilnefndir sem efnilegustu íþróttamenn USVS 2023, Sigurður Gísli Sverrisson og Ásgeir Örn Sverrisson. Fanney Ólöf Lárusdóttir var tilnefnd sem sjálfbóðaliði ársins og var hún útnefnd sem sjálfbóðaliði USVS 2023. Lið USVS 2023 var valið 5. flokkur í fótbolta og okkar liðsmenn í liðinu voru Marcel Wojciech Buda, Kristófer Gunnar Bjarkason, Kjartan Valur Ólafsson, Pétur Yngvi Davíðsson og Þráinn Elís Björnsson.
- Formaður mætti á ýmsa fundi fyrir hönd félagsins, bæði á netheimum og raunheimum. M.a. samráðsfund USVS sem haldinn var 19. febrúar 2025.
- Viðtal við formann UMFÁS birtist í riti UMFÍ, Skinfaxa, um sameiningu ungmennafélaganna Ármanns og Skafta á árinu 2024, enda ekki á hverjum degi sem nýtt ungmennafélag lítur dagsins ljós.
- Sótt var um styrki á árinu. Að venju var sótt um styrki í æskulýðssjóð USVS og fengum styrk upp á kr. 265.000 sem nýtist m.a. í karatestarf, körfubolta- og fótboltastarf. Einnig var sótt um styrk í íþróttasjóð Rannís til kaupa á frjálsíþróttabúnaði og er því búið að kaupa inn t.d. hástökkisdýnu og hástökk rár, kúluvarpskúlur í öllum þyngdarflokkum og innanhús kúluvarpsteyg.
- Á haustdögum 2024 var Jakosportfatadagur og kom Jakosport til okkar og gátu þá félagsmenn keypt íþróttafatnað félagsins á tilboðsverði.
- Styrktaraðilar UMFÁS eru 10 alls og er síðasta ár samstarfssamnings runninn upp. Þessi fyrirtæki eru: Gvendarkjör, Systrakaffi, Maríubakki ehf., RR Tréverk, Hótel Klaustur, Hótel Laki, Stracta hótel, Digriklettur og Sláturfélag Suðurlands auk Skaftárhrepps. Við erum afskaplega þakklát fyrir þennan stuðning og nýtist hann mjög vel í öllu íþróttastarfi félagsins og þá sérstaklega fyrir æskuna okkar. Starfsmenn þessara fyrirtækja og sveitarfélagsins býðst að mæta á þær fullorðinsæfingar sem í boði eru á hverjum tíma og hefur það komið mjög vel út. Má nefna að nokkur fjöldi erlendra starfsmanna hafa nýtt sér þetta og er gaman fyrir okkur heimamenn og þá að fá að kynast. Þessir styrkir hafa komið sér gríðarlega vel. Hafa þeir verið nýttir til að hafa æfingagjöld í algeru lágmarki og boðið hefur verið upp á ýmis námskeið gjaldfrjáls fyrir iðkendur. T.d. handboltanámskeið og sundnámskeið. Einnig höfum við fengið góða fyrirlesara með fróðleg erindi til okkar.

Viðburðir

3. júní var tekin fyrsta skóflustunga að körfuboltavelli á skólalóð Kirkjubæjarskóla og er sú góða framkvæmd komin vel af stað.

17. júní hátíð var haldin hátíðleg undir stjórn Íþrótt- og tómstundaneftndar Skaftárhrepps. UMFÁS seldi blöðrur, íslenska fánann og sælgæti fyrir skróðgönguna.

19. júní var vinnukvöld á íþróttavellinum Kleifum. Íþróttavöllurinn gerður tilbúinn fyrir sumarið og suðurvængur girðingar utanum völlinn endurnýjaður. Frábært hve margir mættu og aðstoðuðu við verkið. Endað var á að næra sig á grilluðum pylsum og meðlæti.

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ: Þann 28. nóvember 2024 hlotnaðist Ungmennafélaginu ÁS sá heiður að vera formlega komið í hóp FYRIRMYNDARFÉLAGA ÍSÍ. Viðar Halldórsson afhenti formanni UMFÁS viðurkenningu og fyrirmyndarfána fyrir hönd ÍSÍ. Gríðarlega mikil viðurkenning fyrir félagið og gæðastimpill á það góða íþróttastarf sem er í Skaftárhreppi.



Viðar Halldórsson prófessor í félagsfræði við Háskóla

Íslands hélt við sama tækifæri, 28. nóvember, erindi um „félagslega töfra“. Hann fjallaði m.a. um hið félagslega afl sem myndast í samskiptum fólks sem stuðlar að vellíðan þess, gerir hóp að liði og samfélag að samfélagi.

Hreyfiátak UMFÁS var haldið 13. janúar – 27. febrúar 2025. Allar íþróttæfingar voru opnar fyrir alla og ýmsir viðburðir voru haldnir að auki. Auglýst var eftir að fyrirtæki myndu leggja til vinninga og verður dregnir út vinningar seinna hér á þessum aðalfundi. Þátttaka var mjög góð og væri gaman að gera svona hreyfiátak að árlegum viðburði.

Lífshlaupið var haldið í febrúar síðastliðinn og var þátttaka ágæt í Skaftárhreppi. Krakkarnir í Kirkjubæjarskóla voru í 6. sæti í sínum flokki. Nokkur fyrirtæki í Skaftárhreppi tóku þátt í Lífshlaupinu og gekk ágætlega. Var t.d. Íþróttamiðstöðin Kirkjubæjarklaustri í 10. sæti í sínum flokki. Fjölbreyttir hreyfiviðburðir voru í boði vegna Lífshlaupsins og var þátttaka mjög góð.

Íþróttastarf UMFÁS

Markmið Ungmennafélagsins ÁS er að bjóða upp á hreyfingu fyrir alla. Mest áhersla er lögð á íþróttæfingar barnanna og unglínganna okkar. Jafnframt reynir félagið að bjóða upp á hreyfingu fyrir fullorðna og 60+ og fyrir 2 – 5 ára börn. Það sem boðið er upp á fer eftir því hvaða einstaklingar hafa tök á að taka að sér þjálfun á hverjum tíma. Í upphafi hvernar annar eru æfingar opnar fyrir alla iðkendur til að kveikja neistann og að viðkomandi skrái sig á viðkomandi æfingar.

Til að halda utan um skráningar, æfingagjöld og viðburði notar félagið SPORTBLER. Snilldartæki fyrir þá sem halda utan um starfið og einnig fyrir iðkendur og foreldra. Viljum því hvetja ALLA foreldra til að sækja appið og hafa í símanum sínum til að geta fylgst með viðburðum, æfingum, skráð barnið sitt og komið skilaboðum til þjálfara. Það skiptir máli.



Í sumar var boðið upp á frjálssar íþróttir, fótbolta, körfubolta og strandblak. Þjálfarar voru Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson, Þorsteinn Valur Thorarensen, Daníel Smári Björnsson, Sigurður Gísli Sverrisson, Bryndís Karen Pálsdóttir og Fanney Ólöf Lárusdóttir. Einnig var farið



Í nokkur skipti í göngutúra víðsvegar í Skaftárhreppi. Fanney Ólöf og Sigurður Eyjólfur sáu um þessa göngutúra en fengu kunnuga með sem leiðsögumenn. Þetta var skemmtilegt og upplýsandi og þarf endilega að halda þessu áfram.

Á haustönn 2024 og vorönn 2025 höfum við náð að bjóða upp á frjálssar íþróttir, körfubolta, fótbolta og karate fyrir 1. – 10. bekk. Þjálfarar eru Gunnar Erlendsson, Þorsteinn Valur Thorarensen og Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson.

Íþróttaskóli fyrir 2 – 5 ára börn er í boði á vorönn 2025 í nokkur skipti. Fanney Ólöf hefur umsjón með honum.

60+ hreyfing fór af stað á haustönn 2024 í október og hefur haldið áfram á vorönn 2025. Í dag er boðið upp á boccia/pokavarp einu sinni í viku og sund tvisvar í viku. Verið er að skipuleggja að koma á göngutúrum einu sinni í viku.

Íþróttæfingar fyrir fullorðna hefur verið í boði bæði á haustönn 2024 og vorönn 2025. Það sem í boði er blak, fótbolta, körfubolta, badminton, borðtennis og ringó. Þátttaka er yfirleitt mjög vel viðunandi og er það von okkar að þessar æfingar eigi bara eftir eflast.

Í maí 2024 var helgarnámskeið í karate sem endaði á prófi. Þjálfari var Gunnlaugur Sigurðsson yfirþjálfari Hauka. Gunnlaugur kom svo aftur núna í febrúar með samskonar námskeið. Stefnan er að hann komi einnig nk. vor. Mikil hvatning og upplýfting fyrir karatestarfið að fá Gunnlaug.

Boðið var upp á tveggja vikna leikjanámskeið sumar 2024 fyrir börn fædd 2015-2018. Mjög góð þátttaka og margt brallað. Sigurður Eyjólfur sá um námskeiðið og Ólöf Ósk, Ásgeir Örn og Kjartan Valur voru honum til aðstoðar.

Handboltanámskeið var haldið í janúar í tilefni af HM í handbolta karla. Við fengum góða gesti frá HSÍ, Örn Þrastarson og Rúnar Hjálmarsson. Námskeiðið byrjaði á æfingu með þeim og voru öll börn og unglingar Kirkjubæjarskóla mætt á æfinguna enda bauð UMFÁS Kirkjubæjarskóla upp á þetta samstarf. Sigurður Eyjólfur sá um næstu tvo daga og Bjarni Bjarnason og Gunnar Erlendsson voru með pizzapartý í lokin. Þátttaka var mjög góð.

Þátttaka á mótum og hópeflis- og æfingaferðir

- Smábæjarleikar í fótbolta á Blönduósi í júní: Þátttakan var mjög góð og tókst vel.
- Héraðsmót USVS sem halda átti í ágúst 2024 féll niður vegna veðurs.
- Hefðbundnu innanhúsmót USVS voru haldin á vorönn 2024 í fótbolta, körfubolta og frjálsum. UMFÁS sá um körfuboltamótið, nágrönnum okkar í vestri, var boðin þátttaka og voru keppendur um 60 talsins. Það voru engin mót á haustönn 2024 og frjálssíþróttamót á Klaustri verður haldið á morgun, 8. mars, og skráning er mjög góð. Framundan eru svo bæði innanhús mót í körfubolta fyrir unga og fullorðna og vonandi verður einnig fótboltamót.
- Í mars 2024 var haldið körfuboltamót fullorðinna, Móðuharðindin. Góð þátttaka var og stóðu ungir ÁSAR uppi sem sigurvegarar.
- Knattspyrnu- og skákskólinn í Vík var haldinn í júní og gríðarlega góð þátttaka þar.
- Moli frá KSÍ mætti í heimsókn í júní og var með fótboltaæfingu með Sigurði Eyjólfvi.
- Unglingalandsmót UMFÍ var haldið í Borgarnesi um Verslunarmannahelgi og áttum við þó nokkra keppendur þar sem stóðu sig með mikilli þryði. Keppendur stóðu sig vel hvort sem var innan vallar eða utan og er það glæsilegt 😊



- Hópeflisferð var farin á landsleik Íslands gegn Svartfjallalandi í fótbolta í september 2024.
- Félagið átti fulltrúa á Silfurleikum ÍR í frjálsum íþróttum í haust 2024.
- Körfuboltastarfið er alltaf að eflast. Lið AS (7.-8. bekkur) spiluðu æfingaleik við lið úr Rangárvallasýslu í febrúar 2025. UMFÁS átti í fyrsta skipti lið á Íslandsmóti í 8. flokki og keppti liðið í Laugardalshöll í byrjun mars 2025 og gekk vel.
- Lokahóf: Eftir hverja önn eru haldin lokahóf og gert eitthvað óhefðbundið og er það góður siður sem vert er að halda í.

Annað

- Heimasíða félagsins var tekin í notkun á árinu, www.umfas.is. Er hún ágætlega virk og hvet ég alla til að heimsækja hana oft.
- Stjórn og þjálfarar reyna að nota samfélagsmiðla til að koma upplýsingum til foreldra og iðkenda, svo sem á heimasíðunni og á Facebook síðu UMFÁS. Einnig er félagið með lokaða hópa á Facebook fyrir foreldra og iðkendur um íþróttæfingar og Íþróttaskólann. Sportabler er einnig mikilvægur miðlari upplýsinga til iðkenda og foreldra.
- Vefforritið og appið Sportabler var tekið í notkun eftir áramót 2021/2022. Þar eru námskeið/æfingar settar inn, hægt er að skrá iðkendur á námskeið/æfingar og ganga frá greiðslum fyrir þátttökugjöld. Sportabler nýtist vel fyrir stjórnendur félagsins, iðkendur, foreldra og þjálfara. Það er því mjög mikilvægt að allir, þ.e. þjálfarar, BÁÐIR foreldrar/forráðamenn og iðkendur tileinki sér að nota Sportabler.

Að lokum

Ég vil að lokum þakka stjórn fyrir gott samstarf. Það er ómetanlegt að hafa gott fólk til að halda uppi íþróttastarfi og viðburðum og þá fyrir ALLA. Ég vil svo sérstaklega þakka Sigurði Eyjólfu fyrir gott starf. Ég er mjög ánægð og stolt af okkar góðu þjálfurum og það er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur að hafa aðgang að þessum áhugasömu þjálfurum okkar. Það er mikil vinna að halda uppi góðu íþróttastarfi og það gerist ekki nema með þjálfurum, iðkendum og skipuleggjendum. Stuðningur og hvatning foreldra við ungu iðkendurna okkar er líka gríðarlega mikilvæg og með samtaka mætti okkar allra tekst að halda uppi góðu íþróttalífi.

Kirkjubæjarklaustri, 7. mars 2025
F.h. Ungmennafélagsins AS
Fanney Ólöf Lárusdóttir, formaður

5. Gjaldkeri leggur fram reikninga til samþykktar

Gjaldkeri Ungmennafélagsins AS, Kristín Lárusdóttir, las upp reikninga félagsins. Tekjur voru alls kr. 11.887.419 og gjöld alls kr. 11.696.035. Hagnaður ársins alls eftir fjármagnsliði var kr. 615.369 og eignir alls kr. 10.365.550.

6. Umræða og atkvæðagreiðsla um skýrslu stjórnar og reikninga

Umræður um starfsskýrslu og reikninga félagsins var ekki mikil. Erla Þórey Ólafsdóttir tók til máls og benti á að gleymst hafi að minnast á viðurkenningu sem Sigurður Eyjólfur hlaut í skýrslu stjórnar. Sigurður hlaut viðurkenningu fyrir grasrótarstarf hjá KSÍ nýlega. Formaður svaraði því til að það hefði ekki



gleymst og ef svo væri að þá væri eflaust fleira sem mætti koma fram í starfsskýrslu stjórnar. Formaður benti einnig á að Sigurður Eyjólfur hefði tekið persónulega við þessari viðurkenningu á eigin vegum en að sjálfsögðu væri hann að vinna gott fótboltastarf á vegum UMFÁS og einnig á vegum USVS. Fundarstjóri bar reikninga upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

7. Tillögur og lagabreytingar lagðar fyrir fundinn ef um er að ræða

- a) Fanney Ólöf formaður UMFÁS, kynnti eftirfarandi tillögur:
 - I. Samstarfssamningur Skaftárhrepps og Ungmennafélagsins ÁS
 - II. Körfuboltavöllur á Kirkjubæjarklaustri
 - III. Hvatning til USVS
 - IV. Reglur um veitingu viðurkenninga
 - V. Fjárhagsáætlun
 - VI. Ný lög
- b) Kristall Máni Gunnarsson tók næst til máls og óskaði eftir því að tillaga yrði lögð fyrir fundinn um að merki UMFÁS yrði sýnilegt í íþróttamiðstöðinni á Kirkjubæjarklaustri.

8. Umræður um tillögur

Umræður sköpuðust um tillögur. Gunnar Pétur Sigmarsson lagði til að orðalagi um fjölda þeirra sem tilnefndir eru yrði breytt, í stað 1-2 er lagt til að fjöldinn sé ótakmarkaður. Á bæði við um efnilegasta íþróttamanninn og hvatningarverðlaunin.

9. Tillögur afgreiddar

Samstarfssamningur Skaftárhrepps og Ungmennafélagsins ÁS

Aðalfundur Ungmennafélagsins ÁS haldinn á Kirkjubæjarstofu, Klausturvegi 4, 7. mars 2025 felur formanni Ungmennafélags ÁS að óska eftir viðræðum við Skaftárhrepp um endurnýjun samstarfssamnings þar sem núgildandi samningur rennur út í árslok 2025.

Samþykkt samhljóða

Körfuboltavöllur á Kirkjubæjarklaustri

Aðalfundur Ungmennafélagsins ÁS haldinn á Kirkjubæjarstofu, Klausturvegi 4, 7. mars 2025 hvetur sveitarstjórn Skaftárhrepps áfram til góðra verka í uppbyggingu íþróttamannvirkja í sveitarfélaginu og að lokið verði við uppbyggingu körfuboltavallar á Kirkjubæjarklaustri sumarið 2025.

Samþykkt samhljóða



Hvatning til USVS

Aðalfundur Ungmennafélagsins ÁS haldinn á Kirkjubæjarstofu, Klausturvegi 4, 7. mars 2025 hvetur Ungmennasamband Vestur-Skaftafellsýslu til að halda fleiri mót til að efla íþróttastarf í sýslunni enn frekar.

Samþykkt samhljóða

Reglur um veitingu viðurkenninga

- I. Breytingartillaga um að fjöldi tilnefndra til efnilegasta íþróttamannins skuli vera ótakmarkaður borin upp til samþykktar, samþykkt samhljóða.
- II. Breytingartillaga á að fjöldi tilnefndra til hvatningarverðlauna skuli vera ótakmarkaður borin upp til samþykktar, samþykkt samhljóða.
- III. Reglur um veitingu viðurkenninga borin upp til samþykktar í heild sinni, samþykkt samhljóða.

Reglur UMFÁS um val á íþróttamönnum

Efnilegasti íþróttamaðurinn

Þessi viðurkenning er veitt einstaklingi sem tekið hefur miklum framförum og náð góðum árangri í keppni. Sýnt af sér góða framkomu og mætt vel á æfingar. Valin af íþróttanefnd UMFÁS

1. Efnilegasti íþróttamaður ársins UMFÁS skal valinn úr hópi iðkenda 12 ára og eldri.
2. Tekið skal tillit til allra íþróttagreina.
3. Þjálfarar tilnefna iðkendur með því að senda skriflega greinagerð á nefndarmenn íþróttanefndar.
4. Við valið skal taka tillit til eftirfarandi:
 - a) Afrek unnin á löglegum mótum í öllum opinberum íþróttagreinum.
 - b) Framfara.
 - c) Ástundun og framkomu.

Hvatningarverðlaun

Þessi viðurkenning er veitt einstaklingi sem mætir mjög vel á æfingar. Sýnir þar mikinn áhuga og virkni ásamt fyrirmyndar framkomu. Valin af íþróttanefnd UMFÁS.

1. Hvatningarverðlaun UMFÁS eru veitt árlega úr hópi iðkenda 10 ára og eldri.
2. Tekið skal tillit til allra íþróttagreina.
3. Þjálfarar tilnefna iðkendur með því að senda skriflega greinagerð á nefndarmenn íþróttanefndar.
4. Við valið skal taka tillit til eftirfarandi:
 - a) Framfara.
 - b) Ástundun og framkomu.



Félagi ársins

1. Félagi ársins er viðurkenning til að vekja athygli á starfi sjálfboðaliða í heimabyggð.
2. Íþróttanefnd UMFÁS velur féлага ársins. Engin takmörk eru fyrir því hversu margir geta hlotið viðurkenninguna hverju sinni.
3. Viðurkenningin skal veitt sjálfboðaliða sem hefur lagt mikla og óeigingjarna vinnu af mörkum til félagsins.

Fjárhagsáætlun

Aðalfundur Ungmennafélagsins ÁS haldinn á Kirkjubæjarstofu, Klausturvegi 4, 7. mars 2025, samþykkir fjárhagsáætlun Ungmennafélagsins ÁS 2025.
Samþykkt samhljóða



Fjárhagsáætlun 2025 fyrir Ungmennafélagið ÁS

Rekstrartekjur

Lottógreiðslur	540.000
Styrkir frá USVS	270.000
Styrkur frá Skaftárhreppi.....	8.000.000
Styrkir frá fyrirtækjum	2.000.000
Æfingagjöld	1.700.000
Námskeið	200.000
Innkoma af 17. júní	130.000
Pátttökugjöld af mótum	295.000
Tekjur af búninga- og vörusölu	50.000
Vaxtatekjur	500.000

Tekjur alls: 13.685.000

Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld íþrótt- og æskulýðsfulltrúa	7.300.000
Verktakagreiðslur þjálfara	2.000.000
Áhöld og tæki	2.000.000
Pátttaka á mótum	1.000.000
Kostnaður vegna mótahalds	200.000
Funda- og póstkostnaður og Sportabler	250.000
Námskeiðahald og kostnaður vegna íþróttæfinga	500.000
Þjónustugjöld	80.000

Rekstrargjöld alls: 13.330.000

Hagnaður ársins: 355.000



Ný lög

Aðalfundur Ungmennafélagsins ÁS haldinn á Kirkjubæjarstofu, Klausturvegi 4,
7. mars 2025, samþykkir lög Ungmennafélagsins ÁS.

Samþykkt samhljóða

Lög Ungmennafélagsins ÁS

Kaflí A: Um félagið

1. Félagið heitir Ungmennafélagið ÁS, skammstafað UMFÁS og hefur aðsetur sitt í sveitarfélaginu Skaftárhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu.
2. Ungmennafélagið ÁS er aðili að Ungmennasambandi Vestur-Skaftafellssýslu.
3. Félagar í UMFÁS eru allir þeir sem þessa óska eða taka þátt í starfi félagsins og gangast undir lög félagsins. Skulu félagar skráðir í eina eða fleiri deildir sem starfræktar eru í félaginu.
4. Aðalstjórn heldur skrá yfir féлага. Aðalstjórn getur vikið féлага úr félaginu fyrir stórfellt brot á lögum félagsins.
5. Markmið félagsins eru:
 - a. Iðkun íþróttá og að auka áhuga félagsmanna og almennings á heilsueflingu.
 - b. Að vinna gegn neyslu tóbaks, áfengis og annarra vímugjafa.
 - c. Að auka áhuga félagsmanna á hverskonar félags- og tómsundastarfi.
 - d. Að stuðla að öflugum menningarlífi í sveitarfélaginu Skaftárhreppi.
 - e. Að vinna að markmiðum og stefnuskrá Ungmennafélags Íslands sem er „Ræktun lýðs og lands.“ Kjörorðið er: „Íslandi allt!“
6. Markmiðum sínum hyggst félagið ná með fundarhöldum, námskeiðum, félagsstarfi, íþróttáefingum og ýmiskonar framkvæmdum sem bestar þykja á hverjum tíma.
7. Einkennislitir félagsins eru appelsínugulur, blár, hvítur og svartur.

Kaflí B: Stjórn

1. Málefnum félagsins stjórna aðalfundur og stjórn.
2. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Kaflí C: Aðalfundur

1. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins.
2. Aðalfundur skal halda fyrir lok mars ár hvert og skal boða til hans með minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti á heimasíðu félagsins. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað.
3. Tillögur að lagabreytingum, tilkynningar um framboð, sem og aðrar tillögur sem leggja skal fyrir aðalfund, skulu berast til stjórnar félagsins eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund. Dagskrá aðalfundar og tillögur skulu gerðar aðgengilegar félagsmönnum eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 5 dögum fyrir aðalfund.
4. Allir félagar hafa rétt til setu á aðalfundi og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Atkvæðisrétt og kjörgengi til stjórnarstarfa og annarra trúnaðarstarfa hafa lögráða félagar.
5. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði.



Kafli D: Félagsfundur

1. Félagsfundur má halda ef tilefni þykir til eða með skriflegri beiðni undirritaðri af lágmarki 10 félagsmönnum. Tilgreina þarf ástæðu fyrir beiðni um félagsfund. Stjórn ber að verða við beiðninni.
2. Alla boðunar- og tilkynningarfresti til félagsfundar má hafa helmingi styttri en til aðalfundar.
3. Á félagsfundi má ekki gera lagabreytingar og aðeins kjósa bráðabirgðastjórn. Að öðru leyti gilda sömu reglur og um aðalfund.

Kafli E: Dagskrá aðalfundar

1. Fundarsetning
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Formaður flytur skýrslu stjórnar
4. Gjaldkeri leggur fram reikninga til samþykktar
5. Umræða og atkvæðagreiðsla um skýrslu stjórnar og reikninga
6. Tillögur og lagabreytingar lagðar fyrir fundinn ef um er að ræða
7. Umræður og afgreiðsla tillagna
8. Lagabreytingar afgreiddar
9. Stjórnarkosningar:
 - a. Kosinn formaður
 - b. Kosinn ritari
 - c. Kosinn gjaldkeri
 - d. Kosnir tveir meðstjórnendur
 - e. Kosnir tveir varamenn
10. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og einn til vara
11. Aðrar kosningar:
 - a. Kosnir fimm fulltrúar í foreldraráð
 - b. Kosnir þrjú fulltrúar í íþróttanefnd
 - c. Kosnir fulltrúar á ársþing USVS
12. Veittar viðurkenningar
13. Önnur mál
14. Fundargerð aðalfundar borin upp til afgreiðslu.
15. Fundarslit

Kafli F: Önnur ákvæði um aðalfund

1. Á aðalfundi félagsins ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála. Nema ef um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 greiddra atkvæða.
2. Kosningar skulu vera skriflegar ef þurfa þykir. Séu atkvæði jöfn skal kjósa bundinni kosningu um þá menn að nýju. Verði atkvæði þá enn jöfn skal hlutkesti ráða.
3. Stjórnarmenn eru kosnir til eins árs í senn.

Kafli G: Stjórn félags

1. Stjórn félagsins skipa fimm menn, auk tveggja varamanna. Formaður, ritari, gjaldkeri og tveir meðstjórnendur. Ritari félagsins er jafnframt varaformaður.



2. Stjórn skal kjörin á aðalfundi, einn maður í einu í þessari röð: Formaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnendur. Leyfilegt er að kjósa varastjórn í einu lagi. Sá einstaklingur sem kosinn er í varastjórn og hlýtur flest atkvæði er fyrsti varamaður.

Kafli H: Starfssvið stjórnar

1. Að fara með yfirstjórn félagsins, framkvæma ályktanir fundar og vinna að lögbundnum markmiðum félagsins.
2. Formaður hefur aðal framkvæmdavaldið og skal gæta þess að allir félagsmenn gæti skyldu sinnar gagnvart félaginu og boðar til funda. Gjaldkeri heimtir inn tekjur félagsins og greiðir gjöld þess. Hann sér um fjármál félagsins og ber ábyrgð á þeim ásamt öðrum stjórnarmönnum. Hann sér um reikninga félagsins sem skulu lagðir fram á aðalfundi, skoðaðir af þar til kjörnum skoðunarmönnum.
3. Stjórnarfundur skal halda eftir þörfum. Halda skal að minnsta kosti 4 stjórnarfundur á ári.

Kafli I: Nefndir og ráð félags

1. Innan félagsins starfa tvær nefndir: Íþróttanefnd skipuð þremur fulltrúum og foreldraráð skipað fimm fulltrúum.
2. Heimilt er að stofna nýjar nefndir ef upp koma verkefni sem krefjast þess.
3. Formenn nefnda innan félagsins skili skýrslu til stjórnar fyrir aðalfund hvers árs.
4. Nefndarformenn eru kosnir á aðalfundi og nefndarmenn einnig.
5. Nefndarformenn boða til funda. Foreldraráð fundar a.m.k. 3 sinnum á ári og íþróttanefnd a.m.k. 1 sinni á ári.
6. Íþróttanefnd skal ár hvert tilnefna efnilegasta íþróttamann ársins og einnig tilnefna til hvatningarverðlauna. Það skal gert samkvæmt reglugerð Ungmennafélagsins ÁS um val á íþróttamönnum ársins. Íþróttanefnd hefur jafnframt heimild til að tilnefna féлага ársins fyrir óeigingjarnt sjálfbodaliðastarf.
7. Hlutverk foreldraráðs er að vera tengiliður iðkenda og forráðamanna þeirra við stjórn og þjálfara félagsins. Jafnframt að styðja við það íþrótt- og félagsstarf sem fram fer hjá iðkendum.

Kafli J: Slit félags

1. Tillögur um að leggja félag niður má aðeins taka fyrir á lögmetum aðalfundi.
2. Til samþykktar þarf minnst 2/3 hluta atkvæða.
3. Ef félagið verður lagt niður verða eigur þess afhentar þeirri nefnd sem fer með íþrótt- og tómsundamál Skaftárhrepps til varðveislu.
4. Hafi starfsemin öll legið niðri í tvö ár og aðalfundur ekki verið haldinn, telst félagið ekki lengur starfandi. Skal þá sú nefnd sem fer með íþrótt- og tómsundamál Skaftárhrepps varðveita eignir þess. Verði félagið endurvakið eða annað ungmennafélag stofnað á sama félagssvæði innan 20 ára frá því starfsemi lagðist niður, þá skulu eignir félagsins renna til hins nýja félags, annars til sveitarfélagsins.



Kafli K: Lagasetning/lagabreyting

1. *Um þau atriði sem ekki eru tekin fram í lögum þessum, gilda ákvæði í lögum ÍSÍ og UMFÍ.*

Lög þessi taka gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ og stjórn USVS hafa samþykkt lög.

Merki UMFÁS í Íþróttamiðstöðina á Kirkjubæjarklaustri

Aðalfundur Ungmennafélagsins ÁS haldinn á Kirkjubæjarstofu, Klausturvegi 4, 7. mars 2025, óskar eftir að merki UMFÁS verði sett upp í Íþróttamiðstöðinni Kirkjubæjarklaustri.

Samþykkt samhljóða

10. Stjórnarkosningar:

a. Kosinn formaður

Eitt framboð hefur borist, Fanney Ólöf Lárusdóttir, kt. 160170-4929, gefur kost á sér til endurkjörs. Samþykkt með lófataki.

b. Kosinn ritari

Eitt framboð hefur borist, Sæunn Káradóttir, kt. 241090-3379, gefur kost á sér til endurkjörs. Samþykkt með lófataki.

c. Kosinn gjaldkeri

Eitt framboð hefur borist, Kristín Lárusdóttir, kt. 110371-3069, gefur kost á sér til endurkjörs. Samþykkt með lófataki.

d. Kosnir tveir meðstjórnendur

Tvö framboð hafa borist. Bryndís Karen Pálsdóttir, kt. 171093-3099, og Gunnar Erlendsson, kt. 140883-5739, gefa bæði kost á sér til endurkjörs. Samþykkt með lófataki.

e. Kosnir tveir varamenn

Tvö framboð hafa borist. Bjarni Dagur Bjarnason kt. 220205-2310, og Konný Sif Gottsveinsdóttir, kt. 300893-2019, gefa bæði kost á sér til endurkjörs. Samþykkt með lófataki.

11. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og einn til vara

Sigmar Helgason og Sverrir Gíslason gefa kost á sér sem skoðunarmenn reikninga og Sigurður Sverrisson til vara. Samþykkt með lófataki.



12. Aðrar kosningar:

a. Kosnir fimm fulltrúar í foreldraráð

Fimm framboð hafa borist, Arnfríður Sædís Jóhannesdóttir, Bjarni Bjarnason, Gunnar Erlendsson, Pálmar Atli Jóhannesson og Rannveig Ólafsdóttir. Jafnframt er lagt til að Gunnar Erlendsson fari með formennsku í nefndinni. Samþykkt með lófataki.

b. Kosnir þrjár fulltrúar í íþróttanefnd

Bryndís Karen Pálsdóttir, Davíð Andri Agnarsson og Guðmundur Ingi Arnarsson, formaður nefndarinnar, gefa öll kost á sér til endurkjörs. Samþykkt með lófataki.

c. Kosnir fulltrúar á ársþing USVS

Lagt er til að fulltrúar UMFÁS á ársþingi USVS þann 28. mars næstkomandi verði Sigurður Eyjólfur, Fanney Ólöf Lárusdóttir, Gunnar Erlendsson, Bryndís Karen Pálsdóttir og Bjarni Dagur Bjarnason. Samþykkt með lófataki.

13. Veittar viðurkenningar

- a) Bryndís Karen Pálsdóttir tók til máls fyrir hönd íþróttanefndar UMFÁS. Hún tilkynnti hverjir hlutu viðurkenningar fyrir starfsárið 2024. Efnilegasti íþróttamaðurinn var Pétur Yngvi Davíðsson, hvatningarverðlaun hlaut Signý Heiða Þormarsdóttir. Þá voru einnig sjálfboðaliðar heiðraðir þeir Bjarni Bjarnason og Gunnar Erlendsson.
- b) Gunnar Pétur Sigmarsson fulltrúi Velferðarráðs Skaftárhrepps afhenti næst viðurkenningar fyrir hönd sveitarfélagsins. Fjórir voru tilnefndir til Íþróttamanns ársins, þau Ásgeir Örn Sverrisson, Daníel Smári Björnsson, Sigurður Gísli Sverrisson og Kristín Lárusdóttir sem var útnefnd íþróttamaður ársins 2024 í Skaftárhreppi. Sveitarfélagið veitti einnig Bjarna Bjarnasyni viðurkenningu fyrir óeigingjarnt sjálfboðaliðastarf í þágu samfélagsins.

14. Önnur mál

- a) Kynning á íþróttastarfi. Sigurður Eyjólfur kynnti það helsta sem um er að vera í starfi félagsins um þessar mundir og hvað framundan er.
- b) Hreyfiáttak UMFÁS. Sigurður Eyjólfur sagði frá hreyfiátaki UMFÁS og hvernig það tókst til. Að því loknu voru dregnir út vinningshafar úr fyrsta hreyfiátaki félagsins sem heppnaðist með mjög vel.
- c) Kristín Lárusdóttir tók til máls og skoraði á fólk að mæta á íþróttahúsið og nýta sér þá fjölbreyttu dagskrá sem er í boði.



15. Fundarslit

Fundurinn samþykkti að fela fundarstjóra og fundarritara að ganga frá fundargerðinni og auglýsa hana.

Formaður þakkaði að lokum fyrir góðan fund sem og fyrir ánægjulegt fyrsta starfsár Ungmennafélagsins ÁS.

Formaður sleit fundi kl. 20:14